

Síþreytuheilkenni (myalgic encephalomyelitis ME/síþreyta (chronic fatigue syndrome): Meginatriði við greiningu og meðhöndlun

Lucinda Bateman, MD; Alison C. Bested, MD; Hector F. Bonilla, MD; Bela V. Chheda, MD; Lily Chu, MD, MSHS; Jennifer M. Curtin, MD; Tania T. Dempsey, MD; Mary E. Dimmock, BA; Theresa G. Dowell, DNP, MPT; Donna Felsenstein, MD; David L. Kaufman, MD; Nancy G. Klimas, MD; Anthony L. Komaroff, MD; Charles W. Lapp, MBME, MD; Susan M. Levine, MD; Jose G. Montoya, MD; Benjamin H. Natelson, MD; Daniel L. Peterson, MD; Richard N. Podell, MD, MPH; Irma R. Rey, MD; Ilene S. Ruhoy, MD, PhD; Maria A. Vera-Nunez, MD, MSBl; and Brayden P. Yellman, MD

Íslensk þýðing var unnin af SKJAL fyrir ME félag Íslands

Útdráttur

Þrátt fyrir að myalgic encephalomyelitis (ME) hafi áhrif á milljónir manna um allan heim skortir marga lækna þekkingu til að greina eða meðhöndla ME á viðeigandi hátt. Því miður hafa klínískar leiðbeiningar verið af skornum skammti, úreltar eða hugsanlega skaðlegar. Af þessum sökum hafa allt að 91% sjúklinga í Bandaríkjunum ekki fengið greiningu og þeir sem greinast fá oft óviðeigandi meðferð. Þessi vandamál eru sífellt mikilvægari vegna þess að eftir bráðan COVID-19-sjúkdóm er verulegt hlutfall fólks enn veikt mörgum mánuðum síðar af sjúkdómi sem svipar til ME. Árið 2015 birti Bandaríska læknaakademían (US National Academy of Medicine) ný gagnreynd klínísk greiningarviðmið sem samþykkt hafa verið af Bandarísku sóttvarnarstofnuninni (US Centers for Disease Control and Prevention). Ennfremur hafa stjórnvöld í Bandaríkjunum og öðrum löndum, auk helstu heilbrigðisstofnana, nýlega hætt að mæla með stigvaxandi áreynsluþjálfun (e. graded exercise) og hugrænni atferlismeðferð sem valmeðferð fyrir sjúklinga með ME. Nýlega komu 21 læknir með sérhæfingu í ME saman til að ræða bestu klínískar starfsvenjur fyrir fullorðna með ME. Í þessari grein eru teknar saman helstu ráðleggingar þeirra fyrir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustuaðila á grundvelli nýlegra vísindalegra framfara og áratuga klínískrar reynslu. Læknar geta gripið til ýmissa ráðstafana til að bæta heilsu, virkni og lífsgæði sjúklinga með ME, þar á meðal sjúklinga sem þróa ME eftir COVID-19. Sjúklingar með langvarandi veikindi sem koma í kjölfar bráðs COVID-19-sjúkdóms en uppfylla ekki öll skilyrði fyrir ME geta einnig notið góðs af þessum aðferðum.

©2021 Mayo Foundation for Medical Education and Research. Gefið út af Elsevier Inc. Þetta er grein með opnum aðgangi á grundvelli CC BY-NC-ND leyfisins

(<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>) • Mayo Clin Proc. 2021;●●(●):1-18

Myalgic encephalomyelitis (ME) er krónískur fjölkerfasjúkdómur sem hefur áhrif á milljónir manna um heim allan. Þrátt fyrir háa tíðni og heftandi afleiðingar þá fjallar læknisfræðileg menntun sjaldan um ME og leiðbeiningar fyrir starfandi lækna eru oft úreltar og óviðeigandi.^{1,2} Hefðbundin próf skila oftast venjulegum niðurstöðum og sumir lækna eru alls óvitandi um ME eða efast um lögmæti sjúkdómsins.^{1,3} Þ.a.l. að allt að 91% af fólki með ME er vangreint eða með ranga sjúkdómsgreiningu eins og þunglyndi.¹ Til að ná fram greiningu þurfa sjúklingar oft að fara til fjölmargra lækna yfir langt árabíl. Meira að segja eftir að sjúkdómsgreining er fengin þurfa sjúklingar oft að berjast við að fá viðeigandi meðferð og hefur oft verið ávísað meðferðum sem gera ástand þeirra verra, eins og hugrænni atferlismeðferð (HAM), og stigvaxandi áreynsluþjálfun.^{1,2,4}

Árið 2015 lagði Bandaríska læknaakademían (US National Academy of Medicine, NAM, áður Institute of Medicine) fram ný klínísk greiningarviðmið fyrir ME sem kröfðust þess að helsta einkennið, örmögnun eftir áreynslu (post-exertional malaise, PEM), væri til staðar.¹ Bandaríska sóttvarnarstofnunin (The US Centers for Disease Control and Prevention) hefur tekið upp þessi nýju viðmið, fjarlægð ráðleggingar um Hugræna atferlismeðferð og stigvaxandi áreynsluþjálfun og hafið innleiðingu á bestu klínísku starfsháttum ME sérfræðinga. Þessar ráðstafanir munu hjálpa til við að bæta hraða og nákvæmni greiningar og gæði klínískrar umönnunar.

Langvarandi einkenni, þar á meðal þreyta, geta komið í kjölfar ýmissa tegunda smitsjúkdóma.⁵ Þessi „eftirsýkingar“ þreytuheilkenni líkjast ME.⁶ Þar að auki kemur ME oft í kjölfarið á sýkingarlíkum sjúkdómi.¹ Einstaka sinnum hefur smitsjúkdómurinn sem kom á undan ME, svo sem einkirningasótt, sýking af völdum *Coxiella burnetii*,⁷ giardíusýki⁸ eða alvarlegt brátt öndunarfæraheilkenni (af völdum kórónaveiru sem svipar til þeirrar sem orsakar COVID-19),^{9,10} verið vel skjalfestur en oft hefur ekki verið reynt að greina smitefnið.

Margir sjúklingar halda áfram að finna fyrir þróttleysi og einkennum í marga mánuði eftir bráðan COVID-19-sjúkdóm, hvort sem þeir hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða ekki.^{6,11-13} Sumir þessara sjúklinga geta verið með

einkenni sem benda til líffæraskemmda, svo sem í lungum eða hjarta, af völdum bráða sjúkdómsins.¹³ Aðrir sjúklingar eru með einkenni þrátt fyrir að engar skýrar vísbendingar komi fram um slíkar líffæraskemmdir.¹³

Rannsókn á sjúklingum

sem voru enn veikir 6 mánuðum eftir vægan eða miðlungssvæsinn bráðan COVID-19-sjúkdóm leiddi í ljós að um það bil helmingurinn uppfyllti skilyrði fyrir ME.¹⁴ Ein úttekt benti til þess að fjöldi tilfella ME gæti tvöfaldast vegna heimsfaraldursins.⁶ Á sama hátt og sjúklingar með ME hafa sjúklingar með sjúkdóma sem komið hafa fram í kjölfar COVID greint frá því að heilbrigðisstarfsmenn hafi vísað þeim frá.¹⁵

Þessi grein veitir nauðsynlegar upplýsingar um hvernig greina á og meðhöndla fullorðna sjúklinga með ME og endurspeglar aðrar nýlegar leiðbeiningar um ME.¹⁶⁻¹⁸ Mikilvægt er að greina ME með nákvæmum og skjóttum hætti. Lækna geta gripið til ýmissa ráðstafana til að bæta heilsu, virkni og lífsgæði þessara sjúklinga. Sumir sjúklingar með sjúkdóma sem komið hafa fram í kjölfar COVID geta einnig notið góðs af aðferðum eins og virkniaðlögun (e. pacing), jafnvel þótt þeir þrói ekki með sér ME.

FARALDSFRÆÐI

ME kemur fyrir hjá 836.000 til 2,5 milljónum Bandaríkjamanna á öllum aldri og þjóðerni, kyni og stétt.¹ Sumir hópar eru hlutfallslega meira útsettir:

- Konur veikjast þrisvar sinnum oft en karlar.¹
- Oft koma einkenni fyrst fram á aldrinum 10 til 19 ára og 30 til 39 ára.^{18,19} Meðalaldur við upphaf einkenna er 33 ár en ME getur þróast hjá fólki allt að 77 ára og niður í 2 ára.^{1,18}
- Svartir og rómanskir einstaklingar geta veikst hraðar og alvarlegar en aðrir hópar.²⁰⁻²²
- Yfir 80% sjúklinga greina frá sýkingu stuttu áður en fyrstu einkenni ME komu fram.²³ Í framsýnum rannsóknum þróðu 5% til 13% einstaklinga sem voru sýktir af tilteknum meinvöldum ME/CFS á



Frá Bateman Horne Center of Excellence, Salt Lake City, UT (L.B., B.P.Y.); Integrative Medicine (A.C.B.) and Institute for Neuro Immune Medicine (N.G.K., I.R.R.), Dr Kiran C. Patel College of

Fleiri samstarfsaðila má finna í lok þessarar greinar.

næstu mánuðum.⁷ Tilfelli hafa komið fyrir óreglulega og í klösum.¹

Í gegnum tíðina hafa geðraskanir, persónuleikavandamál og mótlæti í æsku verið tengd við þróun ME. Hins vegar gætu takmarkanir á rannsóknum, eins og notkun of víðtækra viðmiða sem taka til einstaklinga með þunglyndi en ekki ME, raskað þessum niðurstöðum.¹ Andleg heilsa eftir að einkenni ME koma fyrst fram er svipuð því sem við á um aðra sjúkdóma og er betri en þegar um er að ræða þunglyndi.^{24,25} Algengi þunglyndis og kvíða við ME er sambærilegt við aðra heftandi, langvarandi sjúkdóma.^{26,27}

ÁHRIF OG HORFUR VIÐ ME/CFS

ME skerðir verulega atvinnu- og menntunartengda, félagslega og persónulega virkni. Skerðingarstigið getur orðið hærra en við iktsýki, heila- og mænusigg, þunglyndi, hjartasjúkdóm, krabbamein og lungnasjúkdóm.^{24,28,29} Alvarleikinn er á breiðu sviði³⁰ og er allt frá vægur til mjög alvarlegur:

- Vægur: sjúklingar geta hreyft sig og séð um sig sjálfir, geta haldið áfram að vinna en hafa dregið úr annarri virkni
- Miðlungssvæsin: sjúklingar hafa skerta hreyfigetu, geta aðeins sinnt verklegum athöfnum daglegs lífs, þurfa oft að hvíla sig, eru yfirleitt ekki í vinnu
- Alvarlegur: sjúklingar eiga yfirleitt ekki heimangengt, geta aðeins sinnt lágmarksathöfnum daglegs lífs (t.d. andlitsþvottur, sturta), verulegir vitsmunalegir erfiðleikar, geta verið háðir hjólastól
- Mjög alvarlegur: sjúklingar eru að mestu leyti rúmfastir, eru ófærir um að framkvæma flestar athafnir daglegs lífs upp á eigin spýtur, eru oft mjög næmir fyrir ljósi, hljóði og öðru áreiti

Allt að 75% sjúklinga eru óvinnufærir og áætlað er að 25% eigi ekki heimangengt eða séu rúmfastir.^{31,32} Alvarleikastigið getur sveiflast og 61% segjast vera rúmfastir á verstu dögnum.³³

Þrátt fyrir að vitað sé að sjúklingar geti verið veikir í mörg ár eða jafnvel áratugi hefur ekki verið gerð nein afgerandi rannsókn á horfum. Rannsóknir takmarkast af litlum úrtaksstærðum, miklu brottfalli, stuttum eftirfylgnitíma, þátttöku sjúklinga með aðra sjúkdóma og óviðeigandi skilgreiningum á bata.^{34,35} Eftir kerfisbundna úttekt var komist að þeirri niðurstöðu að líkurnar á fullum bata væru aðeins 5%.³⁶ Ein klínísk læknastöð sem leggur áherslu á ME áætlaði að 50% sjúklinganna væru enn veikir eftir 2 áratugi en önnur áætlaði 93% (munnleg samskipti, Bandarísku ME/CFS læknasamtökin (US ME/CFS Clinician Coalition), mars 2019). Tilkynnt hefur verið um tímabundið sjúkdómshlé en köst koma oft fyrir. Algengast er að sjúklingar greini frá sveiflukenndu veikindamynstri þar sem einkennin aukast og minnka síðan en eru alltaf til staðar.³⁷⁻³⁹ Sérfræðistofur fyrir ME greindu frá því að 84% af 960 sjúklingum sem voru til meðferðar til lengri tíma þróuðu með sér að minnsta kosti einn samhliða sjúkdóm. Fleiri fjölkvillar voru tengdir versnandi heilsufari.⁴⁰

NÝ GREININGARVIÐMIÐ

Árið 2015 birti NAM uppfærð viðmið. Nýju viðmiðin krefjast þess að til staðar sé veruleg skerðing á virkni samfara þreytu, veikindi eftir áreynslu (PEM), svefn sem ekki er endurnærandi og annaðhvort vitræn skerðing eða réttstöðuóþol ([mynd](#)). Einkenni þurfa að vera a.m.k. miðlungsmikil og vera til staðar a.m.k. 50% tímans á 6 mánaða tímabili. Aðrir mikilvægir þættir eru m.a. sýking rétt áður en fyrstu einkenni koma fram, útbreiddir verkir og skert virkni náttúrulegra drápsfrumna. Önnur einkenni eru m.a. flensulík einkenni (t.d. hálsbólga, aumir eitlar), ofurnæmi fyrir utanaðkomandi áreiti (t.d. mat, lykt, ljósi, hljóði, snertingu, efnum), næmi fyrir sýkingum, sjóntruflanir, einkenni frá þvag- eða kynfærum, vandamál tengd öndunarfærum svo sem andþrengsli og vandamál tengd hitastjórnun.

Með NAM-viðmiðunum má gera framvirka greiningu á grundvelli þessara kjarna-einkenna. Að auki nota sérfræðingar oft samræmdu kanadíska viðmiðin (2003 Canadian Consensus Criteria) eða samræmdu alþjóðlegu viðmiðin (2011 ME International Consensus Criteria) til að staðfesta greiningu á ME/CFS.^{41,42}

Greining krefst þess að eftirfarandi þrjú einkenni séu til staðar hjá sjúklingnum

1. Veruleg minnkun eða skerðing á getu til að taka þátt í atvinnutengdri, menntunartengdri, félagslegri eða persónulegri virkni á því stigi sem þeir gerðu fyrir veikindin, sem er til staðar í meira en 6 mánuði og þátttökunni fylgir þreyta sem oft er veruleg, nýtilkomin eða kom fyrst fram á tilteknum tíma (ekki ævilöng), er ekki afleiðing af viðvarandi óhóflegri áreynslu og lagast ekki að neinu marki við hvíld, og

2. Veikindi eftir áreynslu,* og

3. Svefn sem ekki er endurnærandi*

Einnig er krafist a.m.k. einnar af tveimur eftirfarandi birtingarmyndum:

1. Vitræn skerðing* eða

2. Réttstöðuþol

* Meta skal tíðni og alvarleika einkenna. Véfengja skal greininguna á ME/CFS (SEID)^a ef sjúklingar eru ekki með þessi einkenni að minnsta kosti helming tímans og styrkleiki þeirra er miðlungsmikill, verulegur eða mjög mikill.

a Tillagan fyrir hugtakið kerfisbundinn áreynsluþolssjúkdómur (systemic exertion intolerance disease, SEID) var ekki samþykkt.

Afritað með leyfi Bandarísku vísindaakademíunnar (National Academy of Sciences).

MYND. Greiningarviðmið Bandarísku læknaakademíunnar frá 2015 fyrir ME.

Megineinkenni PEM er versnun á sumum eða öllum einkennum sjúklingsins og frekari skerðing á virkni í kjölfar líkamlegra, vitsmunalegra, réttstöðutengdra, tilfinningalegra eða skynrænna áskorana sem hann þoldi áður. PEM einkennist af eftirfarandi:

- Tafarlaust eða seinkað upphaf. Upphaf getur verið tafarlaust eða seinkað um klukkustundir eða daga eftir áskorunina.
- Aukin tímalengd. Dagar, vikur eða mánuðir geta liðið áður en sjúklingar ná aftur fyrri heilsu.
- Ósamsvarandi styrkur. Styrkur og lengd PEM eru ekki í neinu samræmi við umfang þess sem hratt PEM af stað. Vinna í nokkrar klukkustundir eða í einn dag getur framkallað PEM hjá þeim sem eru með væg einkenni á meðan jafnvel

grunnathafnir daglegs lífs geta framkallað PEM hjá þeim sem hafa alvarlegustu einkennin.

Athygli vekur að þrátt fyrir að þreyta og stoðkerfisverkir eftir æfingar komi oft fyrir hjá heilbrigðu fólki og fólki með aðra sjúkdóma (t.d. slitgigt), þá er versnandi virkni eftir áreynslu og einkenni (svo sem svefn, minni, einbeiting, flensulík einkenni) [t.d. hálsbólga] og skapferli) meira áberandi hjá sjúklingum með ME.

Áður en byrjað var að nota NAM-viðmiðin voru Fukuda-viðmiðin frá 1994⁴³ almennt notuð til að greina ME. Fukuda-skilgreiningin var útilokunargreining og krafðist aðeins að til staðar væri óútskýrð, langvarandi þreyta sem ekki var hægt að finna læknisfræðilegar skýringar á en ekki PEM eða önnur mikilvæg einkenni ME. Læknar töldu að þeir yrðu að útiloka allar hugsanlegar orsakir

þreytu, sem varð til þess að þeir drógu eða forðuðust greiningu á ME. Ekki munu allir sjúklingar sem greindir eru með Fukuda-viðmiðunum uppfylla viðmið fyrir ME eins og bent er á í NAM og endurmat kann að vera nauðsynlegt.

UPPRUNI OG MEINGERÐ

Þrátt fyrir að nákvæmur uppruni ME sé óljós, sýna rannsóknir fram á taugafræðilega og ónæmisfræðilega skerðingu ásamt skerðingu í ósjálfráða taugakerfinu og skert orkuefnaskipti.¹ Helstu niðurstöður eru tilgreindar hér og þeim er lýst nánar annars staðar.^{1,44,45}

Örmögnun eftir áreynslu og skert orkuefnaskipti

Bæði hjá heilbrigðu og sjúku fólki hafa líkamsæfingar jákvæð áhrif á þreytu, svefn, verki, hugarstarf og skap.⁴⁶⁻⁴⁹ Aftur á móti upplifa sjúklingar með ME veikindi eftir áreynslu (PEM), sem er veruleg versnun á einkennum sjúklingsins og aukin skerðing á virkni eftir að hafa orðið fyrir líkamlegum, hugrænum, réttstöðutengdum, tilfinningalegum eða skynrænum streituvöldum sem þeir þöldu áður en þeir fengu sjúkdóminn. Margar rannsóknir þar sem bæði voru notaðar frásagnir sjúklinga og lífeðlisfræðilegar niðurstöður hafa staðfest þessar lýsingar.^{1,50-52}

Áður fyrr höfðu sumir lækningar og vísindamenn getgátur um að þessar takmarkanir af völdum áreynslu væru vegna líkamlegrar afskilyrðingar eða órökræns ótta við virkni.⁵³ Þrátt fyrir að fólk sem er óvirkt til lengri tíma sé líklegra til afskilyrðingar, útskýrir afskilyrðing ekki einkenni ME. Þess í stað benda vísbendingar til þess að vandamál við myndun og notkun helstu orkusameindarinnar, adenósínþrífosfats (ATP), geti verið grundvallarsök ME.⁵⁴

Til dæmis, þegar heilbriggt kyrrsetufólk eða fólk með fjölda annarra langvinnra sjúkdóma er beðið um að stunda æfingar að hámarksgetu 2 daga í röð, breytast niðurstöður orkuþrófa ekki marktækt frá einum degi til annars. Hugsanlegt er að þessir einstaklingar noti súrefni ekki eins skilvirkt og heilbrigðir einstaklingar í góðu líkamlegu formi en orkunýting þeirra hélst sú sama við endurteknar prófanir.⁵⁵⁻⁵⁷ Aftur á móti dró úr getu einstaklinga með ME til að framleiða orku við endurteknar prófun næsta dag.^{55,57-60} Til dæmis getur vinnugetan við öndunarþröskuld lækkað verulega og ein rannsókn greinir frá allt að 55% lækkun.⁶¹

Aðrar rannsóknir hafa greint frá háum laktatgildum^{62,63} eða aukinni blóðsýringu⁶⁴ í blóði, heila- og mænuvökva og vöðvum. Orsökina fyrir þessu gæti verið aukin framleiðsla eða minnkað brotthvarf. Ef loftháð efnaskipti eru skert, skipta frumur yfir í loftfirrt efnaskiptaferli þar sem framleidd er meiri mjólkursýra en 18-falt minna ATP á hverja glúkósasameind.⁶⁵ Endurteknar æfingar auka losun mjólkursýru hjá heilbrigðu fólki og fólki með aðra sjúkdóma en ekki hjá fólki með ME.^{64,66,67} Þar að auki, samanborið við sjúklinga með miðlungsmikil einkenni ME, sýndu sjúklingar með alvarleg einkenni einnig fram á skerta virkni í blóðsykurskerfinu.⁶⁸ Þessar breytingar geta útskýrt hvers vegna sjúklingar eiga í erfiðleikum með að leysa verkefni sem þeir gátu gert áður en þeir urðu veikir og stunda hreyfingu til lengri tíma.

Skemmdir á fleiri en einu orkuframleiðsluferfi geta skýrt hvers vegna alvarlega veikir sjúklingar þurfa svo oft að glíma við takmarkanir. Tomas og Newton⁶⁹ og Rutherford et al⁷⁰ hafa gert ítarlegar úttektir á þessum efnaskiptavandamálum.

Áreynsla tengist einnig breytingum á heilastarfsemi og ónæmiskerfinu. Með því að nota starfræna segulómun komust Cook et al⁵¹ að því að breytt heilastarfsemi kom fram í kjölfar versnunar á veikindum eftir áreynslu sem olli vitrænni skerðingu. Maes et al⁷¹ komust að því að PEM tengist auknu magni hvítfrumuboða-1 og Nijs et al⁷² sýndu fram á fjölgun klofinna afurða hjástoða, oxunarálag og genatjáningu hvítfrumuboða-10. Aukið magn sameinda ónæmiskerfisins í heilanum, eins og hvítfrumuboða-1 og hvítfrumuboða-10, getur valdið einkennum eins og þreytu, verkjum, flensulíkum einkennum og vitrænni skerðingu. Þessar hlutlægu breytingar samsvara og geta stuðlað að upplifun sjúklinga af PEM.

Svefn sem ekki er endurnærandi

Sjúklingar upplifa ýmsar svefntruflanir, svo sem vandamál við að sofna eða haldast sofandi. Hins vegar eru flestir sjúklingar þreyttir eða veikir þegar þeir vakna, jafnvel þegar þessi vandamál hafa verið meðhöndluð. Minnkaður breytileiki hvað varðar hjartsláttartíðni, sem stjórnað er af ósjálfráða taugakerfinu, tengist svefni sem ekki er endurnærandi við ME og aðra sjúkdóma.⁷³ Ennfremur hefur verið greint frá því í rannsóknum að virkni utansemjakerfisins minnkar í samanburði við virkni

semjúkerfisins við ME, öfugt við það sem ætti að vera til staðar í hvíld.⁷⁴⁻⁷⁶

Vitræn skerðing og taugafræðileg frávik

Minnkaður vinnsluhraði upplýsinga er algengasta vitræna skerðingin við ME.¹ Önnur frávik eru meðal annars skertur viðbragðstími, vinnsluminni og athygli.⁷⁷ Þessi skerðing er ekki af völdum lítillar viðleitni, svefnleysis eða geðraskana.^{78,79} Skerðingin verður sérstaklega áberandi þegar sjúklingar standa frammi fyrir tímamörkum, stöðugum kröfum og mörgum verkefnum samtímis.⁸⁰ Hraði í hreyfingum, talhæfni og almenn rökhugsun helst óbreytt.

Heilarannsóknir hafa sýnt fram á bólgu í heila og minnkun á hvíta efninu og hugsanlega grúa efninu. Taugabólgan tengist vitrænni skerðingu og skertri tengingu á ýmsum svæðum heilans.^{1,44}

Réttstöðuþol og skerðing í ósjálfráða taugakerfinu

Hjá allt að 95% einstaklinga með ME mun það að standa hreyfingarlaus í uppréttri stöðu (t.d. ef staðið eða setið er í langan tíma) valda eða auka á einkennum eins og svima, ógleði, þreytu, hjartsláttarónot og vitræna skerðingu.¹ Draga má úr einkennum með því að skipta yfir í sitjandi eða liggjandi stöðu. Þetta fyrirbæri er kallað réttstöðuþol og felur í sér réttstöðuþrýstingsfall, heilkenni stöðuhraðsláttar og taugamiðlaðan lágþrýsting.

Hlutlæg lífeðlisfræðileg frávik eru m.a. eftirfarandi:

- Óeðlileg hjartsláttartíðni og breytingar á blóðþrýstingi eftir prófanir með uppréttu og hallandi borði.^{81,82}
- 25% minnkun á blóðflæði til heilans þegar staðið eða setið er upprétt.^{83,84}
- Lækkun á slagrymdarstuðli og hjartastuðli sem er ekki í tengslum við virknistig, sem stangast á við kenningar um að afskilyrðing útskýri ME.⁸⁵
- Réttstöðu koltvísýringslækkun^{1,83} og minnkun á blóðrúmmáli,^{86,87} sem getur aukið enn frekar á einkennum af völdum fráviks í ósjálfráða taugakerfinu.⁸⁸

Einnig hefur verið greint frá vandamálum tengdum meltingarvegi, þvagfærum, hitastjórnun og sjón en þau hafa ekki verið mikið rannsökuð.¹

Skert starfsemi ónæmiskerfisins

Að jafnaði er virkni náttúrulegra drápsfrumna minni hjá sjúklingum heldur en hjá heilbrigðum viðmiðunarhópum.⁸⁹⁻⁹¹ Ekki er vitað hvort þessi niðurstaða sé orsök, afleiðing eða einkenni ME. Þrátt fyrir að það sé ekki dæmigert fyrir sjúklinga með ME að fá tækifærissýkingar með einkennum (t.d. launsporasýki, berkla), fá sumir þeirra endurteknar herpessýkingar.^{17,33} Sumir eru viðkvæmir fyrir kvefi og geta verið lengur að jafna sig eftir sýkingar en aðrir fá sjaldgæfari sýkingar (munnleg samskipti, Bandarísku ME/CFS læknasamtökin, maí 2021).³³ Fjórðungur getur verið með lækkað ónæmisglóbúlín⁹² eða eiga í erfiðleikum við að hafa stjórn á Epstein-Barr veirusýkingum.⁹³ Rannsóknir hafa einnig greint frá óeðlilegum breytingum á T-frumum og frumuboðum.⁴⁵

Sýking

ME kemur oft fram í kjölfar smitsjúkdóms^{1,23} en tiltekna örveran er oft ekki greind vegna þess að sjúkdómurinn virtist í upphafi vera skammvinnur. Stundum fylgir ME vel þekktum smitsjúkdómum eins og einkirningasótt af völdum Epstein-Barr veiru eða niðurgangi af völdum *Giardia*.¹ Hjá mörgum sjúklingum með ME hefur endurvirkjun ýmissa dulinna sýkinga (svo sem sýkinga af völdum Epstein-Barr veiru) komið fram⁹⁴ en óljóst er hvort þær valda einkennum eða endurspegla bælt eða „truflað“ ónæmiskerfi.⁹⁵ Að öðrum kosti gæti langvarandi ME verið afleiðing af sjálfsofnæmissvörun af völdum sýkingar.⁹⁶

GREININGARAÐFERÐ

Tilgangur frummatsins er að ákvarða hvort aðrir sjúkdómar geti skýrt öll einkenni sjúklingsins, að staðfesta ME með því að greina sérkennandi teikn og einkenni og að bera kennsl á samhliða sjúkdóma. Þar sem engin sértæk greiningarpróf eru til staðar byggir greiningin á sjúkrasögu og líkamsskoðun og getur krafist margra heimsókna. Prófanir og tilvísanir til sérfræðinga eru fyrst og fremst notaðar til að staðfesta mismunagreiningar og til að greina fylgisjúkdóma.

Dæmigerð framsetning: Mikilvæg atriði í sögunni

Sjúklingar fá venjulega staðfesta eða ósértæka sýkingu en ná sér ekki eins og búist var við og eru enn veikir vikum eða mánuðum síðar. Sumir sjúklingar geta tilgreint atvik sem tengist ekki sýkingu en sem hratt sjúkdómnum af stað (t.d. skurðaðgerð, meðganga, bólusetning) eða þeir geta ekki tilgreint neina orsök. Tímamynstrin geta verið mismunandi. Hjá sumum sjúklingum koma öll einkenni ME fram innan nokkurra klukkustunda eða daga frá upphafsatvikinu en aðrir lýsa einkennum sem koma fram smám saman á nokkrum vikum og mánuðum. Sjúklingar lýsa oft mynstri þar sem einkennum aukast og minnka og stundum ná þeir sjúkdómshléi sem fylgt er eftir með bakslagi.

Í upphafi geta sjúklingar kvartað undan þrálátum flensulíkum einkennum, svefntruflunum, vandamálum tengdum hugsun, mikilli þreytu, erfiðleikum við að standa uppréttir og erfiðleikum við að sinna venjubundnum athöfnum. Þeir gætu átt í erfiðleikum með að sinna skóla, vinnu, fjölskyldunni, hreyfingu, félagslífi eða persónulegri umhirðu. Þeir geta kvartað yfir verkjum og ofurnæmi fyrir ljósi, hljóði, lykt, mat og lyfjum. Sjúklingar geta verið viðkvæmir fyrir myglu eða öðru eitri í umhverfinu. Þeir geta fundið fyrir öðrum einkennum sem þeir hafa ekki tengt við veikindi sín eða átt í erfiðleikum með að lýsa. Þar af leiðandi er mikilvægt fyrir lækna að spyrja sérstaklega út í einkennin sem mynda viðmiðin fyrir ME. Finna má dæmi um spurningar til að spyrja í [töflu 1](#). Fjölskyldumeðlimir gætu þurft að svara fyrir þá sem eru veikastir.

Oft nefna sjúklingar ekki lykileinkenni PEM að eigin frumkvæði, þar sem ekki er víst að þeir þekki hugtakið. Eðli og alvarleiki PEM-einkenna, stig virkniskerðingar og tímalengd PEM getur verið mismunandi eftir köstum og tegundum virkni. Ef sjúklingurinn getur ekki svarað PEM-spurningunum sem tilgreindar eru í [töflu 1](#) á skýran hátt skaltu biðja sjúklinginn að halda dagbók í 1 eða 2 vikur þar sem hann greinir frá virkni og einkennum (tegund, styrkleika, tíðni, lengd). Sjúklingurinn getur verið í stöðugu PEM-ástandi, sem gerir það að verkum að erfitt er að greina áhrif ofreynslu. Í næstu heimsókn á lækningarnir að fara yfir þessa dagbók með sjúklingnum til að bera kennsl á sérkenni PEM: óvenjuleg einkenni sem myndu venjulega ekki fylgja áreynslu (t.d. hálsbólga, erfiðleikar við hugsun), styrkleika eða tímalengd

einkenna sem eru í ósamræmi við virknina sem kom á undan (t.d. að þurfa að leggjast fyrir í klukkustund eftir kyrrsetuvinnu í nokkrar klukkustundir), frekari virkniskerðingu eftir hreyfingu og hefðbundna seinkun á upphafi einkenna (t.d. nokkrar klukkustundir eða daginn eftir).^{98,99}

Svefn sem ekki er endurnærandi getur lýst sér í því að sjúklingnum finnst hann ekki hafa hvílst og líður illa þegar hann vaknar, óháð því hversu löngum samfelldum svefni sjúklingurinn náði. Hjá sumum sjúklingum tekur það klukkustund eða meira frá því að þeir vakna áður en þeim fer að líða betur og þeim líður best seint á kvöldin. Sjúklingar geta einnig átt í erfiðleikum við að sofna, halda áfram að sofa, vakna snemma eða halda sér vakandi á daginn. Þeir geta fundið fyrir breyttu svefnmynstri.

Réttstöðuþol kemur venjulega fram sem svimi, hjartsláttarónot eða yfirlíð. Hins vegar fá sjúklingar með ME oft einkenni sem eru minna áberandi, svo sem ógleði, þreytu eða ringlun, á meðan þeir sitja eða standa kyrrir.¹⁰⁰ Gagnlegt er að spyrja um einkenni í aðstæðum sem gera ástandið verra (t.d. langar raðir, heitt veður) eða betra (t.d. að liggja eða setjast niður). Sjúklingar kunna að hafa verið greindir með kvíða þar sem tiltekin einkenni (t.d. svimi, hraður hjartsláttur) eru þau sömu í báðum tilvikum. Nákvæm greining á réttstöðuþoli kemur í veg fyrir ranga greiningu á geðröskun og tryggir viðeigandi meðferð, sem er frábrugðin meðferð við kvíða.^{18,100}

Sumir sjúklingar verða fyrir svo mikilli vitrænni truflun að þeir geta ekki tekið þátt í samræðum, lesið bók, farið eftir leiðbeiningum eða munað það sem var sagt. Virkni annarra sjúklinga er góð í stuttan tíma en þeir finna fyrir hugrænni þreytu eða skertri eða hægari færni þegar þeir eru undir álagi. Margir sjúklingar þurfa að hætta akstri eða takmarka akstur vegna þessara vandamála.

Veikustu sjúklingarnir eru rúmfastir og ólíklegt er að þeir sjáist á læknastofum en þeir geta sést á bráðadeildum og sjúkrahúsum ef ástand þeirra versnar.¹⁰¹ Veikustu sjúklingarnir þurfa einstaklingsmiðaða umönnun sem tekur mið af skertri orku þeirra og skynnæmi, hvort sem þeir eru á sjúkrahúsi eða heima. Nýtilkomnar auknar fjarlækningar geta auðveldað umönnun allra ME sjúklinga. Meðhöndlun veikustu sjúklinganna er nánar lýst af Kingdon et al.¹⁰² og Speight.¹⁰³

TAFLA 1. Mikilvæg atriði í klínísku sögunni

| Einkenni | Dæmi um lýsingar sjúklinga | Spurningar sem á að spyrja ^a |
|---------------------------------|---|--|
| Skert virkni með mikilli þreytu | <ul style="list-style-type: none"> • „Flensulík þreyta/örmögnun“ • „Mér líður eins og rafhlöðu sem ekki er hægt að endurhlaða að fullu þrátt fyrir að ég hvíla mig mikið og takmarki virkni mína við það sem ég þarf að gera til að komast af.“ • „Að hugsa tekur mun meiri orku en áður.“ • „Ég finn fyrir þyngslum í handleggjum, fótleggjum og líkama og ég á erfiðara með að hreyfa mig.“ • Verulegar takmarkanir við persónulega umönnun og heimilishald • Tap á atvinnu, sjúkratryggingu og starfsferli d Á yfirleitt ekki heimangengt d Minnkuð félagsleg samskipti og aukin einangrun | <ul style="list-style-type: none"> • Hversu þreytt/ur ert þú?^b • Hvað hjálpar mest við þreytunni (hvíla sig, leggjast niður, rólegar aðstæður, að stunda engar æfingar eða að forðast æfingar)? Hvað gerir þreytuna verri? d Hvað getur þú gert núna? • Hvernig er það í samanburði við það sem þú varst fær um að gera áður? • Hugsaðu til baka um hvað þú varst fær um að gera áður en þú veiktist. Hversu mikil áhrif hefur sjúkdómurinn haft á: (a) starfsgetu þína? (b) hæfni þína til að sjá um sjálfa(n) þig/fjölskyldu þína og sinna húsverkum? • Hvað gerist þegar þú reynir að yfirstíga þreytuna? |
| Veikindi eftir áreynslu | <ul style="list-style-type: none"> • „Hrun“, „bakslag“, „örmögnun“ • Andleg þreyta eftir minnstu áreynslu • Líkamleg örmögnun eða veikindi eftir léttu virkni • Ef virknin er krefjandi, langvarandi eða endurtekin, því alvarlegri og lengri eru eftirköstin | <ul style="list-style-type: none"> • Hvað gerist við eðlilega líkamlega eða andlega áreynslu? En eftir á? • Hversu mikla virkni þarf til þess að þér fari að líða illa? d Hvaða einkenni koma fram þegar þú stendur eða við áreynslu? • Hversu langan tíma tekur það fyrir þig að jafna þig eftir líkamlega eða andlega áreynslu? • Ef þú ferð yfir mörkin, hverjar eru afleiðingarnar? • Hvers konar virkni forðast þú vegna þess sem gerist ef þú framkvæmir hana? |
| Svefn sem ekki er endurnærandi | <ul style="list-style-type: none"> • „Mér líður eins og ég hafi ekkert sofið“ • „Ég get ekki sofnað eða haldið áfram að sofa“ • „Þrátt fyrir að hafa náð löngum eða eðlilegum svefni líður mér ekki vel á morgnana.“ | <ul style="list-style-type: none"> • Áttu í erfiðleikum við að sofna eða halda áfram að sofa? • Finnst þú vera úthvöld(ur) á morgnana eða eftir að þú hefur sofið? • Segðu mér frá gæðum svefnsins. • Þarftu of mikinn svefn? • Þarftu að leggja þig oftari en annað fólk? (Einnig geta aðrir þættir sem trufla svefn verið til staðar). |
| Réttstöðuþol | <ul style="list-style-type: none"> • Svimi • Sundl • Misáttun eða ójafnvægi • Yfirlið • Vanlíðan, sundl eða svimi þegar þú sest upp eða stendur kyrr í lengri tíma | <ul style="list-style-type: none"> • Hvernig líður þér þegar þú hefur staðið kyrr í meira en nokkrar mínútur? • Hvað gerist ef þú stendur hratt upp eftir að hafa legið eða setið í lengri tíma? • Hversu lengi geturðu staðið áður en þér fer að líða illa? Til dæmis, geturðu vaskað upp? |

(athugið að „lengri tíma“ getur þýtt nokkrar mínútur fyrir veikustu sjúklingana)

Geturðu staðið í biðröð eftir strætisvagni eða í kvikmyndahúsi? Ertu fær um að versla í matinn eða fara í verslunarmiðstöð?

- Hvernig áhrif hefur það á þig að vera úti í heitu veðri?
- Lærir þú eða vinnur liggjandi, í rúmi eða stól? Af hverju?
- Finnst þér best að sitja með hnén að bringunni eða fætuna undir þér?

^a Allar spurningar skulu kanna tíðni og alvarleika. Til að uppfylla greiningarviðmið Bandarísku læknaakademiunnar frá 2015 þurf a einkenni verða að vera að minnsta kosti í meðallagi alvarleg og vera til staðar að minnsta kosti 50% af tímanum.

^b Læknar þurfa að spyrja frekari spurninga til að skilja eðli þreyttunnar; til dæmis, „Hvað áttu við með þreytt(ur)?“ og „Á kvarðanum 0 (engin orka) til 10 (full orka), hversu þreytt(ur) ert þú?“

Aðlagð frá Bandarísku læknaakademiunni. Leiðbeiningar fyrir lækna um skýrsluna,⁹⁷ með leyfi frá Bandarísku vísindaakademiunni.

ME kemur einnig fyrir hjá börnum og horfur þeirra virðast vera betri en hjá fullorðnum. Faraldsfræði, greining og meðferð ME hjá börnum og unglingum hefur verið nánar útfærð af Rowe et al.¹⁸

Líkamsskoðun

Ekki er víst að neitt óeðlilegt finnist við líkamsskoðun, sérstaklega ef sjúklingurinn hefur hvílt sig vel fyrir heimsóknina. Við líkamsskoðun geta fundist ýmis ósértæk einkenni sem geta versnað meðan á heimsókninni stendur (viðbótartafla 1, aðgengileg á netinu á <http://www.mayoclinicproceedings.org>). Þrátt fyrir að fjarvera þessara einkenna útiloki ekki ME getur nærvera þeirra stutt greiningu á ME.

Líkamsskoðunin getur hjálpað til við að greina aðra kvilla og fylgisjúkdóma. Einkum getur taugafræðileg skoðun útilokað taugasjúkdóma. Óeðlilegum einkennum sem greinast við líkamsskoðun og tengjast ekki ME skal fylgja eftir sem hugsanlegum vísbendingum um aðra sjúkdóma (viðbótartafla 1).

Greiningarprófanir

Fullgilt greiningarpróf er ekki til. Grunnprófanir sem ráðlagðar eru hjá öllum sjúklingum (tafla 2) eða prófanir fyrir tiltekna framsetningu (viðbótartafla 2, aðgengileg á netinu á <http://www.mayoclinicproceedings.org>) til að greina aðra sjúkdóma og fylgikvilla.¹⁰⁴

Hægt er að nota sumar prófanir til að skilgreina þætti ME. Óvirku prófanirnar þar sem notað er standandi eða hallandi borð geta á hlutlægan hátt staðfest réttstöðuþól.¹⁰⁵ Fjögurra punkta prófun á kortisóli í

munvatni getur hjálpað til við að bera kennsl á óeðlilegt sólahringsmynstur kortisóls sem sést í ME (munnleg samskipti, Bandarísku ME/CFS-læknasamtökin, mars 2019).

Prófanir geta einnig leiðbeint við ákvarðanir um meðferð og staðfest fötlun á hlutlægan hátt. Til dæmis geta sérfræðingar í ME notað mælingar á örverum og virkni náttúrulegra drápsfrumna,¹ sem er mælikvarði á ónæmisvirkni, til leiðbeiningar þegar þeir ákveða meðferð.

TAFLA 2: Hefðbundnar greiningarprófanir sem ráðlagðar eru fyrir alla sjúklinga

| | |
|--|--|
| Full blóðrannsókn með deilitalningu | Iktarþáttur |
| Alhliða efnaskiptamæling (Chem20 panel) ^a | Fjögurra punkta mæling á kortisóli í munvatni (t.d. við fótaferð, um hádegi, kl. 16:00 og við háttatíma), Kortisól að morgni |
| Kjarnamótefni | Stýrihormón skjaldkirtils, frítt þýroxín |
| C-viðbragðsprótein | B ₁₂ vítamín |
| Blóðsökk | D-vítamín, 25-díhýdroxý |
| Ferrítín | Þvagrannsókn |

^a Chem20-mælingarnar er sett af algengum rannsóknarstofuþrófunum sem heilbrigðisstarfsmenn í Bandaríkjunum panta. Settið samanstendur af 20 prófunum sem veita upplýsingar um efnajafnvægi og efnaskipti sjúklings. Nánari upplýsingar er að finna á <https://www.ucsfhealth.org/medical-tests/003468>.

Aðlagð úr ráðleggingum um prófanir þegar grunur leikur á um ME/CFS104 með leyfi Bandarísku ME/CFS-læknasamtakanna.

TAFLA 3. Sjúkdómar sem líkjast ME

| Innkirtla-/efnaskiptasjúkdómar | Gigtarsjúkdómar | Taugasjúkdómar |
|--|--|---|
| Frumkomin nýrnahettubarkarskerðing, kortisolshækkun, of- eða vanstarfsemi skjaldkirtils, sykursýki, blóðkalsíumhækkun | Rauðir úlfar, iktsýki, fjölvöðvabólga, fjölvöðvagigt | Heila- og mænusigg, Parkinsonsveiki, vöðvaslensfár, B ₁₂ vítamínskortur, heila- og mænuvökvaeki, Chiari-vansköpun, heilaáverki, þrengsli í mænugangi, óstöðugleiki í kúpu og hálsi, flog |
| Smitsjúkdómar | Svefntruflanir | Frumkomnar geðraskanir |
| Sýking af völdum alnæmisveiru, Lyme-sjúkdómur og aðrir sjúkdómar sem berast með blóðmítlum, lifrabólga B/C, berklar, gíardúsýki, vesturnílarveira, huldusótt (Q fever), þekjumygla, sárasótt, sýking af völdum Epstein-Barr veiru, ^a smáveiru B19 | Kæfisvefn, ^a drómasýki, lotuhreyfiröskun útlima ^a | Kvíði, ^a þunglyndi, ^a geðhvarfasýki |
| Meltingarfærasjúkdómar | Hjarta- og æðasjúkdómar | Blóðsjúkdómar |
| Glútenheilkenni, fæðuofnæmi/-óþol, ^a bólgusjúkdómar í þörmum, ofvöxtur baktería í smáþörmum ^a | Hjartavöðvakvilli, kransæðasjúkdómur, lungnaháþrýstingur, hjartalokusjúkdómur, hjartsláttartruflanir | Blóðleysi (járnskortur, önnur form sem hægt er að meðhöndla), járnofhleðsla |
| Sjúkdómar sem tengjast útsetningu fyrir eitruðum efnum | Krabbameinssjúkdómar | Ýmislegt |
| Vímuefnamisnotkun, þungmálmar (t.d. blý, kvikasilfur), mygla/sveppaeitur, aukaverkanir lyfja, Persaflóastríðssjúkdómur | Frum- og síðkomin krabbamein | Veruleg offita (líkamsþyngdarstuðull >40 kg/m ²), ofþjálfunarheilkenni hjá íþróttamönnum, astmi, langvinn lungnateppa |

^a Algengt er að þessir sjúkdómar séu til staðar samhliða síþreytuheilkenni/síþreytu.

Aðlagð úr greiningu og meðferð á síþreytuheilkenni/síþreytu (ME/CFS)¹⁰⁷ með leyfi Bandarísku ME/CFS-læknasamtakanna.

Taugasálfræðilegar prófanir geta sýnt fram á vitræna skerðingu og endurteknar hjarta- og lungnaæfingar fram á vangetu til að endurtaka eða viðhalda líkamspjálfun. Hins vegar fela þessar prófanir í sér áskorun sem getur kallað fram alvarlegan eða langvarandi PEM. Þessi áhætta gæti verið réttlætunleg við fötlunarmat¹⁰⁶ en þær eru ekki ráðlagðar til aðstoðar við greiningu hjá öllum sjúklingum.

Aðrar greiningar

Einkenni ME geta skarast við fjölda líkamlegra og geðrænna sjúkdóma (tafla 3).¹⁰⁷ Sjúklingar geta verið bæði með ME og aðra sjúkdóma á sama tíma. Saga, líkamsskoðun, skimunarbúnaður og greiningarprófanir geta hjálpað til við að greina aðra sjúkdóma frá ME. Til

dæmis má sjá þreytu og skerta virkni bæði í ME og þunglyndi eða kvíða, PEM og réttstöðuóþol eru ekki einkennandi fyrir geðraskanir og tilfinningin um að vera einskis virði er yfirleitt ekki til staðar í ME.^{18,26} Almennt er PEM sérkenni sem getur hjálpað til við að aðgreina ME frá öðrum sjúkdómum. Meðferðarprófanir geta einnig hjálpað, ef meðferð við annarri greiningu fær einkenni sjúklingsins til að hverfa að fullu, þá er ME ekki rétt greining.

NAM-viðmiðin krefjast þess að einkenni séu til staðar í 6 mánuði vegna þess að bráðir sjúkdómar eða lífsstílsvandamál ættu að ganga til baka innan þess tíma. Á þessum 6 mánuðum þarf lækurinn að fylgjast náið með sjúklingum til að greina aðrar orsakir fyrir einkennum

þeirra á sama tíma og meðferð er hafin eins og fjallað er um síðar.

Greining á fylgisjúkdómum

ME er oft tengd ýmsum fylgisjúkdómum sem geta aukið verulega á einkennabyrði sjúklingsins ([viðbótartafla 3](#), aðgengileg á netinu á <http://www.mayoclinicproceedings.org>).¹⁰⁷ Til dæmis er vefjagigt algeng og getur aukið vöðvaverkina sem fylgja ME.

Eins og við á um aðra sjúkdóma getur saga, líkamsskoðun, prófanir og meðferðarrannsóknir hjálpað til við að greina þessa fylgisjúkdóma. Meðhöndlun þessara sjúkdóma mun ekki lækna ME en getur dregið úr einkennabyrði og bætt lífsgæði. Skráning þessara sjúkdóma getur einnig stuðlað að viðeigandi endurgreiðslu frá tryggingum, getur stutt við kröfu um örorku og veitt aðgang að öðrum nauðsynlegum úrræðum.

ÚRELTAR HEFÐBUNDNAR MEÐFERÐIR

Áður fyrr voru gerðar rannsóknir á Hugrænni atferlismeðferð (HAM) og Stigvaxandi áreynslubjálfun og mælt var með notkun þessara meðferða hjá sjúklingum með ME á grundvelli sjúkdómskenningarinnar að „einkennum og fötlun af völdum ME sé einkum viðhaldið fyrir tilstilli óhjálplegra sjúkdómskenninga (hræðslu) og bjargráðshögðunar (að forðast [virkni])“ sem leiða til verulegrar skilyrðingar.^{53,108} Hins vegar hafa rannsóknir á Stigvaxandi áreynslubjálfun og HAM verið harðlega gagnrýndar fyrir aðferðafræði þeirra, ófullnægjandi eftirlit með skaða og sjúkdómskenningu sem stangast á við vísbendingar um fjölkerfa líffræðilega skerðingu.^{4,108-110}

Stærst þessara rannsókna PACE-rannsóknin (Pacing, graded Activity, and Cognitive Behaviour therapy; a randomized Evaluation) frá 2011. PACE greindi frá því að þessar meðferðir væru öruggar og leiddu til bata hjá 22% þátttakenda og framfara hjá 60% til 61%.^{111,112} Hins vegar var niðurstöðum breytt í miðri rannsókn án skýrs rökstuðnings.¹¹³ Þegar gögnin voru endurgreind með upprunalegu rannsóknaráætluninni fækkaði batatilvikum um 3 stig og batahlutfall lækkaði í 7% fyrir Hugræna atferlismeðferð og 4% fyrir stigvaxandi áreynslubjálfun, sem var ekki verulega frábrugðið því sem fram kom hjá samanburðarhópnum.¹¹³ Bandaríska

stofnunin um rannsóknir og gæði í heilbrigðisþjónustu (US Agency for Healthcare Research and Quality) greindi frá því að í mörgum þessara rannsókna væru notaðar skilgreiningar sem gætu hafa tekið til þátttakenda með aðra sjúkdóma og fundu litlar sem engar vísbendingar um verkun þegar þessar rannsóknir voru útilokaðar frá greiningunni.¹¹⁴ Að lokum, þvert á fullyrðingar um öryggi, greindu 54% til 74% sjúklinga frá skaða eftir stigvaxandi áreynslubjálfun.⁴

Vegna þessara öryggisvandamála hefur Bandaríska sóttvarnastofnunin og heilbrigðisstofnanir nokkurra landa fjarlægt ráðleggingar um HAM og stigvaxandi áreynslubjálfun.¹¹⁵ Aðrar þjóðir vinna að því að uppfæra leiðbeiningar sínar og ein þeirra hefur gefið það út að ekki eigi að bjóða upp á stigvaxandi áreynslubjálfun sem meðferð.¹¹⁶

AÐFERÐ VIÐ MEÐHÖNDLUN

Þrátt fyrir skort á sértækum meðferðum við ME sem samþykktar hafa verið af Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitinu, geta heilbrigðisstarfsmenn dregið verulega úr sjúkdómsbyrði sjúklinga og bætt lífsgæði þeirra. Grundvallarreglum fyrir umönnun er lýst hér að neðan.

Staðfestið upplifun sjúklingsins

Staðfestið upplifun sjúklingsins af sjúkdómnum og fræðið sjúklinga, fjölskyldumeðlimi og aðra (t.d. vinnuveitendur, skóla). Oft hefur áhyggjum sjúklingsins verið vísað frá, lítið verið gert úr þeim, þær ranglega greindar sem þunglyndi eða kvíði eða stimplaðar sem ímyndunarveiki. Nær öllum sjúklingum finnst greining á ME vera tímamót í veikindum sínum, sem gerir þeim kleift að skilja betur, útskýra, takast á við og finna stuðning í aðstæðum sínum.¹¹⁷

Greinið þarfir og veitið stuðning

Sjúklingar þurfa oft aðstoð við að útvega sér fötlunarspjöld, aðbúnað og hjálpartæki á vinnustað eða í skóla, húsnæði, fullnægjandi næringu, örorkubætur og önnur nauðsynleg úrræði. Gerið nákvæma greiningu á þörfum sjúklingsins og útvegið upplýsingar, skjöl, tilvísanir, búnað og aðbúnað til að mæta þessum þörfum. Skjalfesting á því hvernig einkenni hafa áhrif á virkni á hverjum tíma getur sparað tíma við skjalfestingu á fötlun síðar. Sjúklingar ættu að aðstoða við þetta með því að

skrá slíkar upplýsingar fyrir heimsóknina. Tilvísanir til sérfræðinga eða heilbrigðisstarfsmanna, eins og iðjupjálfa og sjúkrabjálfa, geta verið gagnlegar til að tryggja sér nauðsynleg skjöl og stuðning.

TAFLA 4. Samantekt á aðferðum til meðferðar og meðhöndlunara

Veikindi eftir áreynslu

Lyfjalausar aðferðir til að spara orku og lágmarka veikindi eftir áreynslu

- Aðlögun líkamlegrar og vitrænnar virkni¹²⁰
- Hjálpartæki, svo sem rafskutlur, P-merki fyrir bílastæði fyrir fatlaða, sturtustólar til að spara orku
- Heimahjúkrun fyrir þá veikustu
- Eyrnatappar, augngrímur, ilmlaust umhverfi til að draga úr skynörvun, nauðsynlegt gæti verið að viðhalda umhverfi með lítilli skynörvun hjá þeim veikustu
- Aðbúnaður á vinnustað eða í skóla svo sem sveigjanlegur vinnutími, styttri dagar

Lyfjafræðilegar aðferðir

- Engar sértækar ráðleggingar

Réttstöðuóþol

Lyfjalausar aðferðir

